

Ed.

162. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

2. másl. 7. gr. laganna orðist svo:

Námsbókagjaldið skal vera 5—8 kr. á heimili, meðan dýrtið helzt vegna núverandi styrjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar og fylgdu því eftirfarandi skýringar. Einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundin atkvæði.

Þegar lög um ríkisútgáfu námsbóka voru sett, var ætlað til, að 8 kr. námsbókaskattur á heimili tvö fyrstu árin og 5 kr. úr því hrykki til að standa straum af útgáfunni.

Nú þykir sýnt, að áætlun þessi mundi hafa staðizt þrátt fyrir ærinn kostnað af kaupum á upplögum einstakra forlaga, sem í upphafi voru ekki fyrirhuguð, ef ekki hefði hér við bætzt dýrtið af völdum heimsófriðarins, sem þegar hefir meðal annars leitt til þess, að pappír hefir tvöfaldast í verði. Þykir því ástæða til að heimila ríkisstjórninni að innheimta framvegis allt að 8 kr. námsbókagjald af heimili, og er þess vænt, að það nægi til að halda útgáfunni áfram í því horfi, sem hún er nú, ef ófriðardýrtiðin eykst ekki því meira.